

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2005/EES/23/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 198/03/COL frá 5. nóvember 2003 um fertugustu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér brottfallingu kaflanna um aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki, minniháttar aðstoð, aðstoð vegna þjálfunar og aðstoð vegna atvinnumála	1
2005/EES/23/02		Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. í I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól	3
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2005/EES/23/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3754 – Strabag/Dywidag)	4
2005/EES/23/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3775 – Gluma Holding/Glud & Marstrand)	5
2005/EES/23/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3783 – TPG/British Vita)	6
2005/EES/23/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3807 – Siemens/Hyundai/JV)	7
2005/EES/23/07		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkyntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3647 – WestLB/Dal)	8

2005/EES/23/08	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3686 – Honeywell/Novar)	8
2005/EES/23/09	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3726 – Dansk Supermarked/Netto)	9
2005/EES/23/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3748 – Mitsubishi Tokyo/UFJ)	9
2005/EES/23/11	Ríkisaðstoð — Mál C 5/2005 (áður NN 70/2004) — Ítalía	10
2005/EES/23/12	Auglýst eftir umsóknum um leyfi til að leita að kolvatnsefnum á leitarsvæðisskikanum L16b á hollenska landgrunninu.	10
2005/EES/23/13	Breytingar á ákvæðum um almannaþjónustuskilyldur í áætlunarflugi á tilteknum leiðum innan sjálfstjórnarhéraðsins Asoreyja	11
2005/EES/23/14	Skrá um skjöl sem birst hafa á vegum framkvæmdastjórnarinnar	12
2005/EES/23/15	Reglur um upplýsingaskipti – Tæknilegar reglugerðir	15

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA
nr. 198/03/COL

2005/EES/23/01

frá 5. nóvember 2003

um fertugustu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér brottfellingu kaflanna um aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki, minniháttar aðstoð, aðstoð vegna þjálfunar og aðstoð vegna atvinnumála

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið ⁽¹⁾, einkum 61., 62. og 63. gr. og bókun 26,

með hliðsjón af samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽²⁾, einkum 24. gr., b-lið 2. mgr. 5. gr. og 1. gr. í I. hluta bókunar 3,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 24. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða Eftirlitsstofnun EFTA álitur það nauðsynlegt.

Minnt er á málsmeðferðar- og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar ⁽³⁾ sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 ⁽⁴⁾.

Hinn 12. janúar 2001 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna reglugerð nr. 68/2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar ⁽⁵⁾.

Hinn 12. janúar 2001 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna reglugerð nr. 69/2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart lágmarksaðstoð (*sic*) ⁽⁶⁾.

Hinn 12. janúar 2001 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna reglugerð nr. 70/2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja ⁽⁷⁾.

Hinn 12. desember 2002 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna reglugerð nr. 2204/2002 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til eflingar atvinnu ⁽⁸⁾.

⁽¹⁾ Nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽²⁾ Nefnist „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ Nefnist „Leiðbeiningar um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ Birtist upphaflega 3. september 1994 í Stjtið. EB L 231 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 32. Síðast breytt með ákvörðun stjórnar eftirlitsstofnunarinnar nr. 197/03/COL frá 5. nóvember 2003 (óbirt).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 20.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 30.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 33.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 337, 13.12.2002, bls. 3.

Þessar reglugerðir varða einnig Evrópska efnahagssvæðið og hafa nú verið felldar inn í XV. viðauka við EES-samninginn samkvæmt ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar ⁽⁹⁾.

Í 4. forsendu reglugerðanna um aðstoð til menntunar, aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki og aðstoð til eflingar atvinnu er kveðið skýrt á um að við gildistöku reglugerðanna skuli felldar niður áðurgildandi leiðbeiningar og rammaákvæði á þeim sviðum sem reglugerðirnar taka til.

Samsvarandi kaflar í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð, þ.e. 10. kafli um aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki, 18. kafli um aðstoð vegna atvinnumála og kafli 18A um aðstoð vegna þjálfunar, eru af þessum sökum orðnir óþarfir og ber því að fella þá brott.

Hið sama á við um 12. kafla Leiðbeininga um ríkisaðstoð enda þótt ákvæði þess efnis sé ekki að finna í reglugerð 69/2001, sem fjallar um aðstoð undir frímarki, enda tekur reglugerðin til allra reglna um aðstoð undir frímarki.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Eftirlitsstofnunin hefur haft samráð við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Minnt er á að Eftirlitsstofnun EFTA hafði samráð við EFTA-ríkin á marghliða fundi um þetta efni hinn 20. júní 2003.

SAMÞYKKT ÞESSA ÁKVÖRÐUN:

1. Felldir skulu brott eftirtaldir kaflar Leiðbeininga um ríkisaðstoð:
 - 10. kafli, „Aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki“
 - 12. kafli, „Beiting reglunnar um minniháttar aðstoð“
 - 18. kafli, „Aðstoð vegna atvinnumála“
 - Kafli 18A, „Aðstoð vegna þjálfunar“
2. EFTA-ríkjunum skal til upplýsingar sent bréf með eintaki af ákvörðun þessari.
3. Í samræmi við d-lið bókunar 27 við EES-samninginn skal framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna sent til upplýsingar eintak af ákvörðun þessari.
4. Ákvörðunin skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.
5. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 5. nóvember 2003.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Einar M. Bull

Forseti

Hannes Hafstein

Stjórnarmaður

⁽⁹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 68/2001 um aðstoð til menntunar hefur verið felld inn í samninginn sem liður 1d í XV. viðauka, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 69/2001 um aðstoð undir frímarki hefur verið felld inn í samninginn sem liður 1e í XV. viðauka, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 70/2001 um aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki hefur verið felld inn í samninginn sem liður 1f, allar með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2002 (Stjtið. EB L 266, 3.10.2002, bls. 56 og EES-viðbætur nr. 49, 3.10.2002, bls. 42). Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2204/2002 um ríkisaðstoð til eflingar atvinnu hefur verið felld inn í samninginn sem liður 1g í XV. viðauka með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2003 (Stjtið. ESB L 257, 9.10.2003, bls. 39 og EES-viðbætur nr. 51, 9.10.2003, bls. 25).

**Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. 2005/EES/23/02
í I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól**

Eftirlitsstofnun EFTA hefur gefið út ákvörðun þess efnis að ráðstöfunin sé samrýmanleg reglum EES-samningsins.

Dagsetning ákvörðunar:	11. ágúst 2004
EFTA-ríki:	Ísland
Númer aðstoðar:	47646
Fyrirsögn:	Íbúðalánasjóður og hækkun á hámarksláni sjóðsins í 90% af kaupverði íbúðar
Markmið:	Lánveitingar í því skyni að tryggja almenningi aðgang að fjármagni til húsnæðiskaupa á sömu kjörum um land allt, ásamt viðbótarlánum í því skyni að gera sem flestum kleift að kaupa eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum
Lagaheimild:	Lög nr. 44/1998 um húsnæðismál með áorðnum breytingum skv. lögum nr. 57/2004, reglugerð nr. 544/2004 um fjárhag og áhættustýringu Íbúðalánasjóðs, reglugerð nr. 522/2004 um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf og reglugerð nr. 521/2004 um láns hlutfall og hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa
Gildistími:	Ótímabundið

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á eftirfarandi slóð:

www.eftasurv.int/fieldsofwork/fieldstateaid/stateaidregistry

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3754 – Strabag/Dywidag)**

2005/EES/23/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. apríl 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem austurríska fyrirtækið Bauholding Strabag SE („Strabag“), sem er undir yfirráðum Dr. Hans Peter Haselsteiner, öðlast með hlutfjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir þýsku fyrirtækjunum Dywidag Holding GmbH og Dywidag International GmbH („DIG“), austurríska fyrirtækinu Dyckerhoff & Widmann Ges.m.b.H og þýska fyrirtækinu RIB GmbH.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Strabag: hvers kyns byggingastarfsemi og þjónusta í tengslum við hana
 - Dywidag Holding: byggingastarfsemi, byggingatækni og gatnagerð
 - DIG: byggingastarfsemi og byggingatækni
 - Dyckerhoff & Widmann: byggingastarfsemi og byggingatækni
 - RIB: byggingatækni
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 111, 11. maí 2005). Þær má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3754 – Strabag/Dywidag, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3775 – Gluma Holding/Glud & Marstrand)**

2005/EES/23/04

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. apríl 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾, og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. sömu greinar, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem danska fyrirtækið Gluma Holding A/S („Gluma“), sem tilheyrir samsteypunni ABN Amro, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar yfir danska fyrirtækinu Glud & Marstrand Invest A/S („Glud“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Gluma/ABN Amro: fjárfestingar í óskráðum félögum, bankastarfsemi og fjármálaþjónusta
 - Glud: framleiðsla og sala á matvælaumbúðum og tóbaksumbúðum úr málm og umbúðum fyrir skóáburð
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 112, 12. maí 2005). Þær má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3775 – Gluma Holding/Glud & Marstrand, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Tilkynninguna er að finna á vefsetri aðalskrifstofu samkeppismála (DG COMP): http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/legislation/consultation/simplified_tru.pdf.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3783 – TPG/British Vita)****2005/EES/23/05**

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. maí 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið TPG Advisors IV Inc. („TPG IV“), sem tilheyrir bandarísku TPG-samsteypunni, öðlast að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir breska fyrirtækinu British Vita Plc með yfirtökuboði sem var tilkynnt 22. mars 2005.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - TPG IV: sjóður sem fjárfestir í óskráðum félögum, rekur starfsemi á sviði framleiðslu og sölu manngerðra teygjufjölliða í gegnum bandaríska fyrirtækið Kraton Polymers LLC
 - British Vita: framleiðsla og sala á fjölliðufrauði, veflausu, auk efnasambanda úr fjölliðum til iðnaðarnota og almennra nota
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 113, 13. maí 2005). Þær má senda með símbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3783 – TPG/British Vita, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3807 – Siemens/Hyundai/JV)**

2005/EES/23/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. maí 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Siemens VDO Automotive AG („SV“), sem tilheyrir Siemens-samsteypunni, og kóreska fyrirtækið Hyundai Motor Company („HMC“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir kóresku fyrirtækjunum Autonet Co. og Bontec Co. („ABJV“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - SV: rafeindastýringar, leiðsögukerfi og afþreyingarbúnaður í ökutæki
 - HMC: framleiðsla ökutækja
 - ABJV: rafeindastýringar, leiðsögukerfi og afþreyingarbúnaður í ökutæki
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 113, 13. maí 2005). Þær má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3807 – Siemens/Hyundai/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Tilkynninguna er að finna á vefsetri aðalskrifstofu samkeppnismála (DG COMP): http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/legislation/consultation/simplified_tru.pdf.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3647 – WestLB/Dal)**

2005/EES/23/07

Framkvæmdastjórnin ákvað 27. janúar 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á þýsku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalanúmeri 32005M3647. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://europa.eu.int/eur-lex/lex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3686 – Honeywell/Novar)**

2005/EES/23/08

Framkvæmdastjórnin ákvað 30. mars 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við 2. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalanúmeri 32005M3686. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://europa.eu.int/eur-lex/lex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3726 – Dansk Supermarked/Netto)**

2005/EES/23/09

Framkvæmdastjórnin ákvað 25. apríl 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalanúmeri 32005M3726. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://europa.eu.int/eur-lex/lex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3748 – Mitsubishi Tokyo/UFJ)**

2005/EES/23/10

Framkvæmdastjórnin ákvað 21. apríl 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalanúmeri 32005M3748. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://europa.eu.int/eur-lex/lex>).

Ríkisaðstoð
Mál C 5/2005 (áður NN 70/2004)
Ítalía

2005/EES/23/11

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans vegna undanþágu frá vörugjaldi á eldsneyti til nota í landbúnaði, sjá Stjtið. ESB C 101 frá 27. apríl 2005.

Framkvæmdastjórnin veitir aðildarríkjum EES og öðrum hagsmunaaðilum eins mánaðar frest frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB til að koma á framfæri athugasemdum varðandi þessar ráðstafanir. Athugasemdir skal senda á neðangreint pósthfang.

European Commission
Directorate-General for Agriculture and Rural Development
Directorate H2
Office: loi 130 5/120
B-1049 Bruxelles/Brussel

Bréfasími: (32) 22 96 76 72

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld á Ítalíu. Hagsmunaaðilum, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska þess skriflega að farið verði með nafn þeirra eða heiti sem trúnaðarmál, enda sé óskin rökstudd.

Auglýst eftir umsóknum um leyfi til að leita að kolvatnsefnum á leitarsvæðisskikanum 2005/EES/23/12
L16b á hollenska landgrunninu

Efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands gjörir kunnugt að borist hefur umsókn um leyfi til að leita að kolvatnsefnum á skika á leitarsvæðinu L16 á kortinu í 3. viðauka við námareglugerð (Mijnbouwregeling) (*Staatscourant* (hollenska lögbirtingablaðið) nr. 245, 2002) sem nefndur er „leitarsvæðisskiki L16b“.

Með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni, sem var lögtekin með 15. gr. námalaga (Mijnbouwwet) (*Staatsblad* (hollensku stjórnartíðindin) nr. 542, 2002), auglýsir efnahagsráðherra eftir umsóknum um leyfi til að leita að kolvatnsefnum á leitarsvæðisskika L16b.

Tekið verður á móti umsóknum í 13 vikur eftir að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 107, 3. maí 2005) og ber að senda þær efnahagsráðherra: de Minister van Economische Zaken, ter attentie van de directeur Energieproductie, Prinses Beatrixlaan 5, te Den Haag, Nederland, með áskriftinni „persoonlijk in handen“.

Umsóknir sem berast eftir að fresturinn rennur út verða ekki teknar til greina. Ákvörðun um umsóknirnar verður tekin innan níu mánaða eftir að fresturinn rennur út.

Nánari upplýsingar fást í síma (+31-70) 379 66 94.

**Breytingar á ákvæðum um almannaþjónustuskilyrður í áætlunarflugi á tilteknum
leiðum innan sjálfstjórnarhéraðsins Asoreyja**

2005/EES/23/13

Stjórn sjálfstjórnarhéraðsins Asoreyja hefur endurnýjað fargjaldaskrá vegna áætlunarflugs innan sjálfstjórnarhéraðsins Asoreyja, sem almannaþjónustuskilyrður hvíla á, í samræmi við auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar 2002/C 115/02 frá 16. maí 2002, og varða breytingarnar viðauka A og B við auglýsinguna, sjá töflurnar sem fara hér á eftir.

VIÐAUKI A

Almenn afsláttarfargjöld (í evrum) árið 2005

	CVU	FLW	GRW	HOR	PDL	PIX	SJZ	SMA	TER
CVU		54	178	168	188	178	178	188	178
FLW	54		178	168	188	178	178	188	178
GRW	178	178		104	168	104	104	178	104
HOR	168	168	104		168	104	104	178	154
PDL	188	188	168	168		168	168	104	154
PIX	178	178	104	104	168		104	178	154
SJZ	178	178	104	104	168	104		178	104
SMA	188	188	178	178	104	178	178		168
TER	178	178	104	154	154	154	104	168	

CVU: Corvo; FLW: Flores; GRW: Graciosa; HOR: Horta; PDL: Ponta Delgada; PIX: Pico; SJZ: São Jorge; SMA: Santa Maria; TER: Terceira

VIÐAUKI B

Fargjöld héraðsbúa (í evrum) árið 2005

	CVU	FLW	GRW	HOR	PDL	PIX	SJZ	SMA	TER
CVU		42	154	132	158	154	154	158	140
FLW	42		154	132	158	154	154	158	140
GRW	154	154		88	140	88	88	154	88
HOR	132	132	88		140	88	88	154	132
PDL	158	158	140	140		140	140	88	132
PIX	154	154	88	88	140		88	154	132
SJZ	154	154	88	88	140	88		154	88
SMA	158	158	154	154	88	154	154		140
TER	140	140	88	132	132	132	88	140	

CVU: Corvo; FLW: Flores; GRW: Graciosa; HOR: Horta; PDL: Ponta Delgada; PIX: Pico; SJZ: São Jorge; SMA: Santa Maria; TER: Terceira

Skrá um skjöl sem birst hafa á vegum framkvæmdastjórnarinnar (*)**2005/EES/23/14**

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirtalin skjöl:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/173/EB frá 12. maí 2004 um ríkisaðstoð sem spænsk stjórnvöld hafa veitt til frekara endurskipulags í ríkisreknum skipasmíðastöðvum á Spáni, ríkisaðstoð C 40/00 (áður NN 61/00) (Stjtið. ESB L 58, 4.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/170/EB frá 16. júní 2004 um aðstoð vegna lagningar própýlenleiðslu milli Rotterdams, Antwerpens og Ruhrhéraðsins sem þýsk, hollensk og belgisk stjórnvöld hafa tilkynnt – C 67/03 (áður N 355/03) – C 68/03 (áður N 400/03) – C 69/03 (áður N 473/03) (Stjtið. ESB L 56, 2.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/238/EB frá 14. júlí 2004 um aðstoð sem fiskveiði- og fiskeldisfyrirtæki á Korsíku nutu frá 1986 til 1999 (Stjtið. ESB L 74, 19.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/239/EB frá 14. júlí 2004 um aðstoð franskra stjórnvalda í þágu sjómanna og þeirra sem stunda fiskeldi (Stjtið. ESB L 74, 19.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/188/EB frá 19. júlí 2004 um að lýsa samfylkingu fyrirtækja samrýmanlega sameiginlega markaðnum og framkvæmd EES-samningsins (mál COMP/M.3333 – Sony/BMG) (Stjtið. ESB L 62, 9.3.2005)

Ákvörðun nr. 199 frá 13. október 2004 um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerða ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (röð E 300) (Stjtið. ESB L 73, 18.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/246/EB frá 20. október 2004 um ríkisaðstoð C 40/2002 (áður N 513/2001), aðstoð í þágu Hellenic Shipyards AE (Stjtið. ESB L 79, 22.3.2005)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/13/EB frá 21. febrúar 2005 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/25/EB um losun mengandi lofttegunda og agna frá hreyflum dráttarvéla fyrir landbúnað eða skógrækt, og um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB um gerðarviðurkenningu á dráttarvéllum fyrir landbúnað eða skógrækt (Stjtið. ESB L 55, 1.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/171/EB frá 23. febrúar 2005 um úthlutun á magni takmörkunarskyldra efna sem leyfð eru til „bráðanotkunar“ í bandalaginu á árinu 2004 samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 (Stjtið. ESB L 56, 2.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/174/EB frá 28. febrúar 2005 um leiðbeiningar til viðbótar B-hluta II. viðauka við tilskipun ráðsins 90/219/EBE um einangraða notkun erfðabreyttra örvera (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005)

Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2005/175/EB frá 1. mars 2005 um samhæfða áætlun um opinbert eftirlit með matvælum á árinu 2005 (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/176/EB frá 1. mars 2005 um kerfi og kerfisskráningu fyrir tilkynningu dýrasjúkdóma samkvæmt tilskipun ráðsins 82/894/EBE (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005)

Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2005/178/EB frá 1. mars 2005 um samhæfða eftirlitsáætlun bandalagsins fyrir árið 2005 í því skyni að tryggja að farið sé eftir reglum um hámarks magn varnarefnaleifa í og á kornvörum og tilteknum öðrum vörum úr jurtaríkinu, og um eftirlitsáætlanir einstakra aðildarríkja fyrir árið 2006 (Stjtið. ESB L 61, 8.3.2005)

Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2005/187/EB frá 2. mars 2005 um samhæfða eftirlitsáætlun á sviði föðurs fyrir árið 2005 í samræmi við tilskipun ráðsins 95/53/EB (Stjtið. ESB L 62, 9.3.2005)

(*) Íslensk þýðing þessara heita er aðeins til bráðabirgða.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/200/EB frá 2. mars 2005 um heimild sem stjórnvöldum í Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Möltu er veitt til að setja strangari reglur um magn *Avena fatua* í sáðkorni (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/247/EB frá 3. mars 2005 um að hefja könnun af því tagi sem kveðið er á um í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (Stjtið. ESB L 79, 22.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/179/EB frá 4. mars 2005 um breytingu á ákvörðunum 93/52/EBE og 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu þess efnis að Slóvenía sé laus við öldusótt (*B. melitensis*) og smitandi nautgripahvítblæði og Slóvakía sé laus við berkla og öldusótt í nautgripum (Stjtið. ESB L 61, 8.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/180/EB frá 4. mars 2005 um heimild sem stjórnvöldum aðildarríkjanna er veitt til að ákveða tiltekna undanþágur frá tilskipun ráðsins 96/49/EB með tilliti til flutnings á hættulegum varningi á járnbrautum (Stjtið. ESB L 61, 8.3.2005)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/21/EB frá 7. mars 2005 um aðlögun að tækni framförum á tilskipun ráðsins 72/306/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla til notkunar í ökutækjum (Stjtið. ESB L 61, 8.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/177/EB frá 7. mars 2005 um gegnumflutning lifandi nautgripa í Bretlandi (Stjtið. ESB L 61, 8.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/189/EB frá 7. mars 2005 um breytingu á viðbæti við XIV. viðauka við aðildarlögin frá 2003 að því er varðar tiltekna kjötvinnslustöðvar í Slóvakíu (Stjtið. ESB L 62, 9.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/193/EB frá 8. mars 2005 um breytingu á ákvörðun 2004/475/EB um tímabundna ráðstöfun á þágu tiltekinna kjöt- og mjólkurvinnslustöðva í Slóveníu (Stjtið. ESB L 63, 10.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/194/EB frá 8. mars 2005 um fjórðu breytingu á ákvörðun 2004/122/EB um tiltekna varnarráðstafanir í tengslum við fuglainflúensu í ýmsum Asíulöndum (Stjtið. ESB L 63, 10.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/198/EB frá 8. mars 2005 um niðurfellingu ákvörðunar 2004/440/EB um tímabundna ráðstöfun í þágu tiltekinna mjólkurvinnslustöðva í Slóvakíu (Stjtið. ESB L 65, 11.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/195/EB frá 9. mars 2005 um að staðallinn EN 71-1:1998 Öryggi leikfanga – 1. hluti: Krafrænar og efnislegir eiginleikar stangist að nokkru á við grundvallaröryggiskröfur tilskipunar ráðsins 88/378/EBE (Stjtið. ESB L 63, 10.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/216/EB frá 9. mars 2005 um breytingu á ákvörðun 2003/828/EB að því er varðar undanþágur frá banni við flutningi á dýrum út af afmörkuðum svæðum innanlands (Stjtið. ESB L 69, 16.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/217/EB frá 9. mars 2005 um dýraheilbrigðisskilyrði og kröfur um dýraheilbrigðisvottorð vegna innflutnings á fósturvísnum nautgripa til bandalagsins (Stjtið. ESB L 69, 16.3.2005)

Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 456/2005/EB frá 9. mars 2005 um bandalagsáætlun til margra ára um að gera stafrænt efni í Evrópu aðgengilegra, gagnlegra og nýtanlegra (Stjtið. ESB L 79, 24.3.2005)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/1/EB frá 9. mars 2005 um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 85/611/EBE, 91/675/EBE, 92/49/EBE og 93/6/EBE og tilskipunum 94/19/EB, 98/78/EB, 2000/12/EB, 2001/34/EB, 2002/83/EB og 2002/87/EB í því skyni að koma á nýju skipulagi fjármálaþjónustunefnda (Stjtið. ESB L 79, 24.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/209/EB frá 11. mars 2005 um breytingu á ákvörðun 2004/288/EB að því er varðar framlengingu á tímabundnum aðgangi stjórnvalda í Ástralíu og Nýja-Sjálandi að birgðum bandalagsins af veirumótefnavaka gin- og klaufaveiki samkvæmt þeirri ákvörðun (Stjtið. ESB L 68, 15.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/210/EB frá 11. mars 2005 um aðra breytingu á ákvörðun 2004/614/EB að því er varðar gildistíma varnarráðstafana vegna fuglainflúensu í Suður-Afríku (Stjtið. ESB L 68, 15.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/218/EB frá 11. mars 2005 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fiskafurðum frá Sádi-Arabíu (Stjtið. ESB L 69, 16.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/219/EB frá 11. mars 2005 um breytingu á ákvörðun 97/296/EB um skrá um þriðju lönd sem innflutningur á fiskafurðum til manneldis er heimilaður frá, að því er varðar Sádi-Arabíu (Stjtið. ESB L 69, 16.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/233/EB frá 11. mars 2005 um breytingu á ákvörðun 2004/432/EB um samþykkt áætlana um eftirlit með efnaleifum sem þriðju lönd hafa lagt fram í samræmi við tilskipun ráðsins 96/23/EB (Stjtið. ESB L 72, 18.3.2005)

Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2005/251/EB frá 11. mars 2005 um Evrópusáttmála um vísindamenn og síðareglur vegna ráðningar vísindamanna (Stjtið. ESB L 79, 22.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/234/EB frá 14. mars 2005 um breytingu á II. viðauka við ákvörðun ráðsins 79/542/EBE að því er varðar innflutning á nýju kjöti frá Argentínu (Stjtið. ESB L 72, 18.3.2005)

Tilskipun ráðsins 2005/24/EB frá 14. mars 2005 um notkun eggja og fósturvísa og um geymslustöðvar fyrir sæði hreinræktaðra kynbótadýra af nautgripakyni (Stjtið. ESB L 78, 24.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/235/EB frá 15. mars 2005 um niðurfellingu ákvörðunar 2002/626/EB um samþykkt áætlunar franskra stjórnvalda um að uppræta svínapest í villtum svinum í sýslunum Moselle og Meurthe-et-Moselle (Stjtið. ESB L 72, 18.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/236/EB frá 15. mars 2005 um breytingu á ákvörðun 2003/135/EB að því er varðar lok áætlana um að uppræta svínapest í villtum svinum og um bráðabólusetningu villtra svína gegn svínapest á vissum svæðum í sambandsríkinu Rheinland-Pfalz (Þýskalandi) (Stjtið. ESB L 72, 18.3.2005)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/26/EB frá 21. mars 2005 um skrá um innihaldsefni matvæla eða önnur efni sem tekin eru tímabundið af skránni í III. viðauka a við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB (Stjtið. ESB L 75, 22.3.2005)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/264/EB frá 23. mars 2005 um breytingu á ákvörðun 2004/832/EB að því er varðar áætlun um að uppræta svínapest í villtum svinum í Norður-Vosges í Frakklandi og um bráðabólusetningu gegn veikinni (Stjtið. ESB L 81, 30.3.2005)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/27/EB frá 29. mars 2005 um breytingu, vegna aðlögunar að tækniframförum, á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/97/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á búnaði fyrir aukið sjónsvið og ökutækjum með slíkum búnaði (Stjtið. ESB L 81, 30.3.2005)

Reglur um upplýsingaskipti – Tæknilegar reglugerðir

2005/EES/23/15

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða og reglna um þjónustuskrifstofur upplýsingasamfélagsins (Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37 og L 217, 5.8.1998, bls. 18; EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 3, 18.1.2001, bls. 87 og nr. 57, 15.11.2001, bls. 246).

Tilkynningar um drög að innlendum tæknilegum reglugerðum sem hafa borist framkvæmdastjórninni

Tilvísunarnúmer ⁽¹⁾	Heiti	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
2005/0151/D	Auglýsing innanríkisráðuneytisins um breyting á skrá um tæknileg byggingaákvæði; DIN 4149:2005-04 – Mannvirki á jarðskjálftasvæðum í Þýskalandi – Álagsútreikningar, hlutföll og hönnun hefðbundinna mannvirkja	11.7.2005
2005/0152/A	Frumvarp til sambandsríkislaga um breyting á lögum Steiermark um gas frá 1973 (þý. heiti <i>Steiermärkische Gasgesetznovelle 2004</i>)	13.7.2005
2005/0153/S	Lög um breyting á lögum um tóbak (1993:581)	13.7.2005
2005/0154/CZ	Drög að reglugerð um tæknilegt öryggi ýmissa tækja	13.7.2005
2005/0155/I	Milliráðuneytatilskipun um breyting á viðaukum við lög nr. 748 frá 19. október 1984 um nýjar reglur um áburð	12.7.2005
2005/0156/I	Drög að tilskipun með heitinu „Heilbrigðisreglur vegna innflutnings frá löndum utan bandalagsins á dýrum af tegundum sem falla ekki undir sérstakar bandalagsreglur, í atvinnuskyni“	12.7.2005
2005/0157/HU	Reglugerð landbúnaðar- og byggðaráðherra nr. .../2005 um framleiðslu og dreifingu á tóbaksvörum og eftirlit með þeim	5.7.2005
2005/0158/A	Reglugerð sambandsráðherra landbúnaðar og skógræktar, umhverfismála og vatnsstjórnunar um notkun ofureitraðra og eittraðra svæliefna	14.7.2005
2005/0159/D	Drög að reglugerð um efni sem skaða ósonlagið (þý. skammst. <i>ChemOzonSchichtV</i>)	14.7.2005
2005/0160/CZ	Drög að reglugerð um djúpfrost matvæli	15.7.2005
2005/0161/UK	Reglugerð um vélknúin ökutæki (samsetning og notkun) (breyting) (Norður-Írland) 2005	18.7.2005
2005/0162/CZ	Drög að breytingu á reglugerð nr. 113/2005 um merkingu matvæla og tóbaksvara	18.7.2005
2005/0163/A	Reglugerð sambandsráðherra umferðarmála, nýsköpunar og tækni um almenn loftför og loftferðabúnað (þý. skammst. <i>ZLLV 2005</i>)	19.7.2005
2005/0164/B	Konungstilskipun um merkingu á vörum sem eru gerðar úr leðri eða skinni af hundum, selum eða köttum	19.7.2005
2005/0165/SK	Drög að auglýsingu innanríkisráðuneytis Slóvakíu um eiginleika og raunnotkun slökkvibúnaðar og slökkvitækja ásamt ákvæðum um reglulegt eftirlit	19.7.2005
2005/0166/A	Reglugerð sambandsráðherra umferðarmála, nýsköpunar og tækni um leyfilegan hávaða frá loftförum (þý. skammst. <i>ZLZV 2005</i>)	19.7.2005

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaríki.

⁽²⁾ Á þessu tímabili er ekki heimilt að samþykkja drögin.

⁽³⁾ Ekkert stöðvunartímabil vegna þess að framkvæmdastjórnin fellst á ástæður tilkynningarríkisins fyrir því að samþykkja drögin án tafar.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil vegna þess að ráðstöfunin varðar tækniforskriftir eða aðrar kröfur í tengslum við skatta- eða fjármálaráðstafanir samkvæmt þriðja undirlitð annars málsliðar 11. mgr. 1. gr. tilskipunar 98/34/EB.

⁽⁵⁾ Upplýsingameðferð lokið.

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á dómi frá 30. apríl 1996 í málinu „CIA Security“ (C-194/94 – Dómasafn I, bls. 2201) þar sem úrskurður Evrópudómstólsins var á þann veg að túlka bæri 8. og 9. gr. tilskipunar 98/34/EB (áður 83/189/EBE) á þann hátt að einstaklingar gætu skírskotað til þeirra fyrir dómstólum aðildarríkjanna og þeim bæri skylda til að neita að beita innlendri tæknilegri reglugerð sem ekki hefði verið tilkynnt í samræmi við tilskipunina.

Þessi dómur staðfestir orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB C 245, 1.10.1986, bls. 4).

Af þessu leiðir að brot á tilkynningaskyldunni ógildir viðkomandi tæknilegar reglugerðir og er þá ókleift að framfylgja þeim gagnvart einstaklingum.

Nánari upplýsingar um tilkynningarferilinn fást hjá:

European Commission
DG Entreprise, Unit F1
B-1049 Bruxelles/Brussel
Netfang: dir83-189-central@cec.eu.int

Einnig má leita fanga á eftirfarandi vefsíðu: europa.eu.int/comm/enterprise/tris

Frekari upplýsingar um þessar tilkynningar fást í eftirtöldum stjórnsýsludeildum aðildarríkjanna:

SKRÁ YFIR STJÓRNSÝSLUDEILDIR SEM ANNAST UMSÝSLU VEGNA TILSKIPUNAR 98/34/EB

BELGÍA

BELNotif
Qualité et sécurité
SPF Économie, PME, Classes moyennes et Énergie
NG III – 4^e étage
Boulevard du Roi Albert II/Koning Albert II-iaan 16
B-1000 Bruxelles/Brussel

M^{me} Pascaline Descamps
Sími: (32) 22 06 46 89
Bréfasími: (32) 22 06 57 46
Netföng: pascaline.descamps@mineco.fgov.be
paolo.caruso@mineco.fgov.be

Sameiginlegt netfang: belnotif@mineco.fgov.be

Vefsetur: www.mineco.fgov.be

TÉKKLAND

Czech Office for Standards, Metrology and Testing
Gorazdova 24
P.O. Box 49
CZ-128 01 Praha 2

Paní Helena Fofonková
Sími: (420) 224 907 125
Bréfasími: (420) 224 907 122
Netfang: fofonkova@unmz.cz

Sameiginlegt netfang: eu9834@unmz.cz

Vefsetur: www.unmz.cz

DANMÖRK

Erhvervs- og Boligstyrelsen
Dahlerups Pakhus
Langelinie Allé 17
DK-2100 København Ø

Sími: (45) 35 46 66 89 (beinn sími)
Bréfasími: (45) 35 46 62 03
Netfang: Birgitte Spühler Hansen – bsh@ebst.dk

Sameiginlegt netfang fyrir tilkynningar: noti@ebst.dk

Vefsetur: www.ebst.dk/Notifikationer

ÞÝSKALAND

Bundesministerium für Wirtschaft und Arbeit
Referat XA2
Scharnhorststraße 34–37
D-10115 Berlin

Frau Christina Jäckel
Sími: (49) 30 2014 6353
Bréfasími: (49) 30 2014 5379
Netfang: infonorm@bmwa.bund.de

Vefsetur: www.bmwa.bund.de

EISTLAND

Majandus- ja kommunikatsiooniministeerium

Harju 11
EE-15072 Tallinn

Hr Margus Alver
Sími: (372) 6 265 405
Bréfasími: (372) 6 313 660
Netfang: margus.alver@mkm.ee

Sameiginlegt netfang: el.teavitamine@mkm.ee

GRIKKLAND

*Ministry of Development
General Secretariat of Industry*

Mesogeion 119
GR-101 92 AΘHNA
Sími: (30) 210 696 98 63
Bréfasími: (30) 210 696 91 06

ELOT

Acharnon 313
GR-111 45 AΘHNA
Sími: (30) 210 212 03 01
Bréfasími: (30) 210 228 62 19
Netfang: 83189in@elot.gr

Vefsetur: www.elot.gr

SPÁNN

*Ministerio de Asuntos Exteriores
Secretaría de Estado de Asuntos Europeos
Dirección General de Coordinación del Mercado Interior y
otras Políticas Comunitarias
Subdirección General de Asuntos Industriales, Energéticos,
de Transportes y Comunicaciones y de Medio Ambiente
C/Padilla 46, Planta 2ª, Despacho: 6218
E-28006 Madrid*

Sr. Angel Silván Torregrosa
Sími: (34) 91 379 83 32

Doña Esther Pérez Peláez
Tækniráðgjafi
Netfang: esther.perez@ue.mae.es
Sími: (34) 91 379 84 64
Bréfasími: (34) 91 379 84 01
Netfang: d83-189@ue.mae.es

FRAKKLAND

*Délégation interministérielle aux normes
Direction générale de l'Industrie, des Technologies de
l'information et des Postes (DiGITIP)
Service des politiques d'innovation et de compétitivité (SPIC)
Sous-direction de la normalisation, de la qualité et de la
propriété industrielle (SQUALPI)
DiGITIP 5
12, rue Villiot
F-75572 Paris Cedex 12*

M^{me} Suzanne Piau
Sími: (33) 1 53 44 97 04
Bréfasími: (33) 1 53 44 98 88
Netfang: suzanne.piau@industrie.gouv.fr

M^{me} Françoise Ouvrard
Sími: (33) 1 53 44 97 05
Bréfasími: (33) 1 53 44 98 88
Netfang: francoise.ouvrard@industrie.gouv.fr

ÍRLAND

*NSAI
Glasnevin
IE-Dublin 9
Ireland*

Mr Tony Losty
Sími: (353) 1 807 38 80
Bréfasími: (353) 1 807 38 38
Netfang: tony.losty@nsai.ie

Vefsetur: www.nsai.ie

ÍTALÍA

*Ministero delle attività produttive
Dipartimento per le imprese
Direzione Generale per lo sviluppo produttivo e la
competitività
Ispettorato tecnico dell'industria – Ufficio F1
Via Molise 2
I-00187 Roma*

Sig. Vincenzo Correggia
Sími: (39) 06 47 05 22 05
Bréfasími: (39) 06 47 88 78 05
Netfang: vincenzo.correggia@minindustria.it

Sig. Enrico Castiglioni
Sími: (39) 06 47 05 26 69
Bréfasími: (39) 06 47 88 77 48
Netföng: enrico.castiglioni@minindustria.it
ispettoratotecnico@minindustria.flexmail.it

Vefsetur: www.minindustria.it

KÝPUR

*Cyprus Organization for the Promotion of Quality
Ministry of Commerce, Industry and Tourism*
13, A. Araouzou Street
CY-1421 Nicosia

Sími: (357) 22 409 313 og (357) 22 375 053
Bréfasími: (357) 22 754 103

Mr Antonis Ioannou
Sími: (357) 22 409 409
Bréfasími: (357) 22 754 103
Netfang: aioannou@cys.mcit.gov.cy

Ms Thea Andreou
Sími: (357) 22 409 404
Bréfasími: (357) 22 754 103
Netfang: tandreou@cys.mcit.gov.cy

Sameiginlegt netfang: dir9834@cys.mcit.gov.cy

Vefsetur: www.cys.mcit.gov.cy

LETTLAND

*Division of the Commercial Normative, SOLVIT and
Notification*
*Internal Market Department of the Ministry of Economics of
the Republic of Latvia*
55, Brivibas str.
Rīga
LV-1519

Agra Ločmele
Senior Officer of the Division of the Commercial Normative,
SOLVIT and Notification
Netfang: agra.locmele@em.gov.lv
Sími: (371) 703 12 36
Bréfasími: (371) 728 08 82
Netfang: notification@em.gov.lv

LITHÁEN

Lithuanian Standards Board
T. Kosciuškos g. 30
LT-01100 Vilnius

P. Daiva Lesickienė
Sími: (370) 52 70 93 47
Bréfasími: (370) 52 70 93 67

Netfang: dir9834@lsd.lt

Vefsetur: www.lsd.lt

LÚXEMBORG

SEE – Service de l'Énergie de l'État
34, avenue de la Porte-Neuve
BP 10
L-2010 Luxembourg

M. J.P. Hoffmann
Sími: (352) 46 97 46 1
Bréfasími: (352) 22 25 24

Netfang: see.direction@eg.etat.lu

Vefsetur: www.see.lu

UNGVERJALAND

Hungarian Notification Centre
Ministry of Economy and Transport
Budapest
Honvéd u. 13–15
H-1055

Fazekas Zsolt Úr
Netfang: fazekasz@gkm.hu
Sími: (36) 1374 2873
Bréfasími: (36) 1473 1622

Netfang: notification@gkm.hu

Vefsetur: www.gkm.hu/dokk/main/gkm

MALTA

Malta Standards Authority
Level 2
Evans Building
Merchants Street
VLT 03
MT-Valletta

Sími:(356) 2124 2420
Bréfasími: (356) 2124 2406

Ms Lorna Cachia
Netfang: lorna.cachia@msa.org.mt

Sameiginlegt netfang: notification@msa.org.mt

Vefsetur: www.msa.org.mt

HOLLAND

*Ministerie van Financiën
Belastingdienst/Douane Noord
Team bijzondere klantbehandeling
Centrale Dienst voor In- en uitvoer
Engelse Kamp 2
Postbus 30003
NL-9700 RD Groningen*

Dhr. Ebel Van der Heide
Sími: (31) 50 5 23 21 34

Mw. Hennie Boekema
Sími: (31) 50 5 23 21 35

Mw. Tineke Elzer
Sími: (31) 50 5 23 21 33
Bréfasími: (31) 50 5 23 21 59

Sameiginleg netföng: enquiry.point@tiscali-business.nl
enquiry.point2@tiscali-business.nl

AUSTURRÍKI

*Bundesministerium für Wirtschaft und Arbeit
Abteilung C2/1
Stubenring 1
A-1010 Wien*

Frau Brigitte Wikgolm
Sími: (43) 1 711 00 58 96
Bréfasími: (43) 1 715 96 51 og (43) 1 712 06 80
Netfang: not9834@bmwa.gv.at

Vefsetur: www.bmwa.gv.at

PÓLLAND

*Ministerstwo Gospodarki i Pracy
Departament Stosunków Europejskich i Wielostronnych
Plac Trzech Krzyży 3/5
PL-00-507 Warszawa*

Pani Barbara Nieciak
Sími: (48) 22 693 54 07
Bréfasími: (48) 22 693 40 28
Netfang: barnie@mg.gov.pl

Pani Agata Gągor
Sími: (48) 22 693 56 90

Sameiginlegt netfang: notyfikacja@mg.gov.pl

PORTÚGAL

*Instituto Português da Qualidade
Rua Antonio Gião, 2
P-2829-513 Caparica*

Cândida Pires
Sími: (351) 21 294 82 36 og 81 00
Bréfasími: (351) 21 294 82 23
Netfang: c.pires@mail.ipq.pt

Sameiginlegt netfang: not9834@mail.ipq.pt

Vefsetur: www.ipq.pt

SLÓVENÍA

*SIST – Slovenian Institute for Standardization
Contact point for 98/34/EC and WTO-TBT Enquiry Point
Šmartinska 140
SLO-1000 Ljubljana*

Sími: (386) 1478 3041
Bréfasími: (386) 1478 3098
Netfang: contact@sist.si

Ga. Vesna Stražišar

SLÓVAKÍA

*Pani Kvetoslava Steinlova
Direktorica oddelka za evropsko integracijo
Office of Standards, Metrology and Testing of the Slovak Republic
Stefanovicova 3
SK-814 39 Bratislava*

Sími: (421) 2 5249 3521
Bréfasími: (421) 2 5249 1050
Netfang: steinlova@normoff.gov.sk

FINNLAND

Kauppa- ja teollisuusministeriö

Afgreiðsla:
Aleksanterinkatu 4
FI-00171 Helsinki
og
Ratakatu 3
FI-00120 Helsinki

Póstfang:
PB 32
FI-00023 Statsráðet

Henri Backman
Sími: (358) 9 1606 36 27
Bréfasími: (358) 9 1606 46 22
Netfang: henri.backman@ktm.fi

Katri Amper

Sameiginlegt netfang: maaraykset.tekniset@ktm.fi

Vefsetur: www.ktm.fi

SVÍÐJÓÐ

Kommerskollegium
Box 6803
Drottningatan 89
S-113 86 Stockholm
Kerstin Carlsson

Sími: (46) 86 90 48 82/00
Bréfasími: (46) 86 90 48 40 og (46) 83 06 759
Netfang: kerstin.carlsson@kommers.se

Sameiginlegt netfang: 9834@kommers.se

Vefsetur: www.kommers.se

BRETLAND

*Department of Trade and Industry
Standards and Technical Regulations Directorate 2*
151 Buckingham Palace Road
GB-London SW1 W 9SS
United Kingdom

Mr Philip Plumb
Sími: (44) 207 215 14 88
Bréfasími: (44) 207 215 15 29
netfang: philip.plumb@dti.gsi.gov.uk

Sameiginlegt netfang: 9834@dti.gsi.gov.uk

Vefsetur: www.dti.gov.uk/strd

EFTA – ESA

EFTA Surveillance Authority
Rue Belliard 35
B-1040 Bruxelles/Brussel

Ms Adinda Batsleer
Sími: (32) 22 86 18 61
Bréfasími: (32) 22 86 18 00
Netfang: aba@eftasurv.int

Ms Tuija Ristiluoma
Sími: (32) 22 86 18 71
Bréfasími: (32) 22 86 18 00
Netfang: tri@eftasurv.int

Sameiginlegt netfang: drafttechregesa@eftasurv.int

Vefsetur: www.eftasurv.int

*EFTA
Goods Unit
EFTA Secretariat*
Rue Joseph II 12–16
B-1000 Bruxelles/Brussel

Ms Kathleen Byrne
Sími: (32) 22 86 17 49
Bréfasími: (32) 22 86 17 42
Netfang: kathleen.byrne@efta.int

Sameiginlegt netfang: drafttechregfta@efta.int

Vefsetur: www.efta.int

TYRKLAND

*Undersecretariat of Foreign Trade
General Directorate of Standardisation for Foreign Trade*
İnönü Bulvarı n° 36
06510
Emek – Ankara

Mr Saadettin Doğan
Sími: (90) 312 212 58 99
(90) 312 204 81 02
Bréfasími: (90) 312 212 87 68
Netfang: dtsabbil@dtm.gov.tr

Vefsetur: www.dtm.gov.tr